



1. Fundur listráðs Listasafns Reykjanesbæjar mánudaginn 7. nóvember 2022 kl. 14:00 í Bíósal Duus Safnahúsa.

Viðstaddir eru: Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar, Kristinn Már Pálmason, Gunnhildur Þórðardóttir, Andrea Maack, meðlimir listráðs. Einnig er viðstödd Helga Arnbjörg Pálsdóttir, sérfræðingur á Listasafni Reykjanesbæjar, sem ritari. Fundarstjóri er Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar.

Settur er fyrsti fundur með nýju listráði Listasafns Reykjanesbæjar:

1. Sýningaáætlun árið 2023.

Fyrsta mál á dagskrá er sýningaráætlun næsta árs og er skipulagðar sýningar fram á haustið 2024. Beðið verður með frekari dagskrá. Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar, fer yfir sýningar sem skipulagðar eru á tímabilinu frá 26. nóvember 2022 til 3. mars 2024. Sérstaklega er fjallað um:

Næsta viðburð listasafnsins sem er foropnun á gjörningi pólsku listakonunnar Vena Naskrecca. Mikilvægi þess að ná til yngri sýningargesta og hefur árleg sýning meistaranema í sýningagerð, frá árinu 2020, dregið að sér yngri kynslóðir. Breytingar á Listahátíð barna og ungmenna, sýningartími stytur til þess að samræma betur við opnun sumarsýninga og eins eru aðrar menningarstofnanir í Reykjanesbæ með Listahátíð aðeins í eina viku. Fyrsti árgangur Menntaskólans á Ásbrú er að útskrifast, starfsfólk listasafnsins mun bera sig eftir frekara samstarfi við skólann. Mikilvægi þess að fá frekari styrk fyrir fræðslufulltrúa. Komið inn á að Listasafnið sækir um vinnustofur barna um helgar og áframhaldandi samstarfi við Listaháskóla Íslands í Uppbyggingarsjóð Suðurnesja.

Listaráð samþykkir sýningaráætlun ársins 2023.

2. Greint frá gjöfum sem Listasafn Reykjanesbæjar hefur tekið við á árinu 2021 – 2022.

Helga Arnbjörg Pálsdóttir, sérfræðingur hjá Listasafni Reykjanesbæjar upplýsir listaráð um stöðu safneignar. Skráð verk í safneign eru 1515 og verða 1556 þegar búið er að fullskrá. Á árinu 2022 hlaut Listasafn Reykjanesbæjar þrjár gjafir; frá Íslandsbanka, tvö verk eftir Jóhannes Kjarval og Huldu Hákon, frá Guðnýju Margréti Skarphéðinsdóttur, 21 verk eftir Eggert Guðmundsson, frá Kristni Má Pálmasyri, 20 verk af ferli listamannsins. Á árinu 2021 hlaut listasafnið tvær gjafir; frá Gunnhildi Þórðardóttur, 31 verk af ferli listamannsins, Igor Antić, sex verk í kjölfar sýningar sem listasafnið tók þátt í að framleiða. Einnig var farið yfir gjafir frá árinu 2020 þar sem ekki var starfandi listaráð vegna Covid-19; frá Guðnýju Ragnarsdóttur, 105 verk eftir Björg Þorsteinsdóttur, frá Daða Guðbjörnssyni, 203 verk, að mestu grafíkverk, af ferli listamannsins.

Gjafir til safnsins á árinu 2022 eru samþykktar af listaráði sem ásamt starfsfólki listasafnsins þakkar Kristni Má Pálmasyri kærlega fyrir sína gjöf.

3. Drög að nýrri stefnumótun Listasafns Reykjanesbæjar.

Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar leggur undir listaráð drög að nýrri stefnu listasafnsins. Safnstjóri hefur unnið að nýrri stefnumótun og óskar eftir því að listaráð þróa

hana áfram í samstarfi við listasafnið. Sérstaklega er fjallað um dreifingu fjármagns, það hallar á menningarstarf og fræðslustarf innan þess. Safnstjóri nefnir hugmynd sína um að stofna klúbb í kringum listasafnið með safnafræðslu fyrir fullorðna. Önnur listasöfn af sömu stærðargráðu og Listasafn Reykjanesbæjar eru með fræðslustarf og vinnusmiðjur fyrir börn ótengd skólastarfi. Mikilvægt er fyrir listasafnið að bera sig saman við önnur söfn hvað varðar fjárhag, fjölda íbúa o.s.frv.

Listráð samþykkir áframhaldandi vinnu að nýrri stefnumótun og mun Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar, í framhaldi leggja hana fyrir menningarráð til samþykktar. Safnstjóri vill bóka að ef það eru ábendingar varðandi stefnumótun, þá eru þær velkomnar.

4. Drög að nýrri söfnunarstefnu Listasafns Reykjanesbæjar.

Helga Þórsdóttir, safnstjóri, leggur til umræðu um nýja söfnunarstefnu Listasafns Reykjanesbæjar. Núverandi söfnunarstefna er unnin árið 2010, þannig er löngu tímabært að endurskoða stefnuna. Helga Þórsdóttir, safnstjóri, hefur unnið að nýrri söfnunarstefnu og grisjun árið 2021 sem lögð verður fyrir. Á fundinum útlistar hún fyrir listráði bæði núverandi söfnunarstefnu og þeim breytingum sem lagðar eru til. Sérstaka áherslu leggur safnstjóri á að safna einungis verkum eftir viðurkennda listamenn, þeim sem gert hafa myndlistarsköpun að lífstarfi sínu og sýna reglulega á viðurkenndum söfnum.

Einnig er rætt um geymslurými, en það vantar betri rekka og meira pláss. Ný söfnunarstefna felur í sér grisjun á safneign, skráð eru verk eftir börn frá Listahátíð barna og eins verk eftir áhugalistamenn. Listasafn Reykjanesbæjar leggur áherslu á rannsókn og fullskráningu á verkum í safneign. Næsta sýning úr safneign er áætluð árið 2025 á 100 ára afmæli Áka Gränz. Verk úr safneign eru lánuð til opinberra stofnanna í Reykjanesbæ. Innkaup listaverka til bæjarfélagsins eiga að fara í gegnum Listasafn Reykjanesbæjar, listráð álltúr að allar ákvarðanir um umhverfisverk eigi að fara í gegnum fagráð. Listráð samþykkir að vera til skrafs og ráðagerða við slíkar ákvarðanatökur.

Listráð samþykkir að safnstjóri haldi áfram með vinnu að nýrri söfnunarstefnu. Algjör einhugur um tillögur til breytinga. Í framhaldi mun Helga Þórsdóttir, safnstjóri Listasafns Reykjanesbæjar, leita eftir samþykki Menningar- og atvinnuráðs og síðan leggja söfnunar- og grisjunarstefnu fyrir Listasafn Íslands.

5. Önnur mál.

Rætt var um að samningar yrðu gerðir á milli Listasafns Reykjanesbæjar og opinberra stofnanna um lán á listaverkum. Stofnanir yrðu ábyrgar fyrir því að sækja og skila, tryggja, bera ábyrgð á velferð verkanna o.s.frv.

Í Listasafni Reykjanesbæjar verða starfræktar vinnustofur um helgar, einu sinni í mánuði til vors. Fjölbreyttir listamenn verða fengnir til þess að stýra þeim. Lagt áherslu á að forráðamenn komi með börnum sínum.

Gunnhildur Þórðardóttir spyr hvort sé á stefnuskránni að sýna Erling Jónsson, en það er ekki á sýningardagskrá. Bóka að listasafnið þarf með einhverjum hætti að gera skil á verkum Erlings Jónssonar, hvort sem það er með rannsókn eða sýningu.

Andrea Maack bendir á að listasafnið þyrfti að fá unglinga eða listamenn til þess að vinna efni fyrir samfélagsmiðla safnsins, eins og tiktok eða instagram, til þess að auka sýnileika á meðal ungs fólks. Þetta væri til dæmis hægt að framkvæma með starfsnámi. Aðstöðuleysi Listasafns Reykjanesbæjar hefur hingað til stöðvað áætlanir um starfsnám hjá safninu.

Fundi er slitið kl. 15:38.